

Velferðarnefnd Alþingis
v/ Austurvöll
101 Reykjavík

Hér á eftir fer umsögn stjórnar Geðhjálpar til velferðarnefndar Alþingis um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, með síðari breytingum (neyslurými). Þingskjal 1135 – 711 mál.

Geðhjálp vekur athygli á því að fíknisjúkdómar eru í eðli sínu geðsjúkdómar. Með sama hætti hafi hópur fólks með tvíþættan vanda farið sístækkandi undanfarin ár. Þessi hópur eigi undir högg að sækja í samfélaginu, hafni oft á götunni og verði fyrir fordómum bæði meðal almennings og fagfólks.

Stjórn Geðhjálpar lýsir sig fylgjandi frumvarpinu. Inntak þess um neyslurými byggir á hugmyndafræði skaðaminnkunar um að ekki séu sett skilyrði fyrir þjónustu við fólk með fíknisjúkdóma. Neyslurými fela í sér aðstæður til að neyta ávana- og fíkni efna við öruggar aðstæður. Markmiðið er að draga úr heilsufarslegum, félagslegum og efnahagslegum afleiðingum notkunar efnanna án þess að neyslu þeirra sé endilega hætt.

Að því sögðu leggur stjórnin áherslu á að notendum neyslurýma standi ávallt til boða geðlæknaþjónusta, einstaklingsbundinn ráðgjöf og tilboð um uppbyggileg úrræði. Forsendan fyrir árangursríku úrræði felst í þéttu samstarfi heilbrigðisvirkvalda og viðkomandi sveitarfélags um þverfaglega þjónustu í úrræðinu, eftirfylgd og einstaklingsmiðaða nálgun. Með sama hætti er nauðsynlegt að meðfylgjandi reglugerð feli í sér nákvæma lýsingu á starfsemi neyslurýmanna.

Í drögum að nýrri stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum heimilislausra lýsir sveitarfélagið yfir vilja sínum til að setja á fót neyslurými í anda fyrirliggjandi frumvarps í sveitarfélaginu. Geðhjálp telur eðlilegt að fleiri sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu komi að rekstrinum til að tryggja jafnræði íbúa á höfuðborgarsvæðinu að úrræðinu. Þannig sé stuðlað að því að notendum úr ólíkum sveitarfélögum sé ekki mismunað með sama hætti og dæmi eru um þegar yfirfullt hefur verið í gistiskýlinu á Lindargötu.

Geðhjálp hefur látið sig málefni fólks með fíknvanda varða með ýmsum hætti. Stjórn samtakanna skoraði til að mynda á velferðarráð Reykjavíkurborgar að koma á fót dagúrræði fyrir fólk með tvíþættan vanda í upphafi ársins 2018. Í bréfi til ráðsins segir að brýnt sé að tryggja einstaklingum í þessum hópi húsaskjól yfir daginn og koma veg fyrir að þeir valdi truflunum í úrræðum fyrir aðra hópa. Með því að koma á fót neyslurýmum fyrir þennan hóp er komið til móts við þessa ósk. Fyrst er fremst er þó stuðlað að bættri líðan og auknum tækifærum fólks með fíknivanda til að sækja sér faglega og fordómalaus aðstoð.

Virðingarfyllst fyrir hönd stjórnar Geðhjálpar,
Einar Þór Jónsson.

